

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/425****2023/EES/62/53****frá 14. mars 2022****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun
umbreytingardagsetninga vegna notkunar tiltekinna ómannaðra loftfarskerfa í „opna“
floknum og frestun þeirrar dagsetningar sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr
auglýsing fjarflugmanns koma til framkvæmda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 20. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ⁽²⁾ er heimilt að nota ómönnuð loftfarskerfi (UA-kerfi), sem uppfylla ekki kröfur framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ⁽³⁾ og sem einkaaðilar hafa ekki smíðað, í „opna“ flokknum við tiltekin takmörkuð starfræksluskilyrði, þegar þau hafa verið sett á markað fyrir 1. janúar 2023. Samkvæmt 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 er einungis heimilt að nota UA-kerfi sem uppfylla ekki kröfurnar í 1.–5. hluta viðaukans við framselda reglugerð (ESB) 2019/945 í „opna“ flokknum“ við tiltekin takmörkuð starfræksluskilyrði á umbreytingartímabili sem lýkur 1. janúar 2023.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 er aðildarríkjunum einungis heimilt að samþykkja, frá og með 3. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, að því er varðar starfrækslu, sem uppfyllir eina af tveimur stöðluðu sviðsmyndunum sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð, annaðhvort flug í auglýsing fjarflugmanns yfir aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri í þéttbýli eða flug úr auglýsing fjarflugmanns þar sem vaktmaður loftrýmis hefur eftirlit með aðgangsstýrðu svæði á jörðu niðri í strjálbýli.
- 3) Sumir samhæfðu staðlanna, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkum C0 til C6, sem eru nauðsynlegir til starfrækslu í „opna“ flokknum eða samkvæmt stöðluðum sviðsmyndum, sem og bein fjarauðkenning, munu ekki verða tiltækir fyrr en um mitt ár 2023. Án þessara samhæfðu staðla gætu framleiðendur UA-kerfa í raun ekki sett UA-kerfi, sem uppfylla tilskilin ákvæði, á markað fyrir lok umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947.
- 4) Því er nauðsynlegt að framlengja frestina, sem kveðið er á um í 20. og 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947, til að tryggja að framleiðendur og umráðendur UA-kerfa hafi aðgang að samhæfðu stöðlunum sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkum C0 til C6 áður en þau tímabil renna út. Einnig er nauðsynlegt að fresta þeim degi sem stöðluðu sviðsmyndirnar tvær, sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð, koma til framkvæmda til að tryggja að þeir samhæfðu staðlar séu aðgengilegir áður en aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja yfirlýsingar um starfrækslu sem uppfylla kröfur þeirra stöðluðu sviðsmynda. Þangað til ættu aðildarríki að geta samþykkt yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem byggjast á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 15.3.2022, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „1. janúar 2023“ í 20. gr. kemur „1. janúar 2024“.

- 2) Í stað inngangsorða 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. skal notkun UA-kerfa í „opna“ flokknum, sem uppfylla ekki kröfurnar í 1.–5. hluta viðaukans við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 (*), heimiluð á umbreytingartímabili sem lýkur 31. desember 2023, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).“

- 3) Í stað 2., 3., og 4. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

3. Ákvæði g-liðar 2. liðar í UAS.OPEN.060 og i. liðar 1-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022 og ákvæði ii. liðar 1-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. 21. gr. er aðildarríkjum heimilt að samþykkja, fram til 31. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr., sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum, ef þær uppfylla kröfurnar í UAS.SPEC.020 í viðaukanum.

Slíkar yfirlýsingar falla úr gildi frá og með 1. janúar 2026.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.